



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 3/2016

Drög að reglum um tæknilega staðla vegna eiginfjárgrunns

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en miðvikudaginn 31. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjól“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

1. júlí 2016

REGLUR

um tæknilega staðla vegna eiginfjárgrunns.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárgrunn, eða eftir atvikum hæft fjármagn, í samræmi við X. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Útreikningur á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni.

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárgrunn, eða eftir atvikum hæft fjármagn, vegna eiginfjárfkrafa skal fylgja ákvæðum reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014, með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárgrunn, eða eftir atvikum hæft fjármagn, vegna eiginfjárfkrafa skal við útreikninga draga frá viðbótarfrádráttarlið í samræmi við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2014 frá 12. mars 2014, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi kröfur vegna eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækja.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2014 frá 12. mars 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða tengsl á milli virðis sértryggðra skuldabréfa fjármálafyrirtækis og virðis eigna fjármálafyrirtækis með tilliti til útlánaáhættu viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/488 frá 4. september 2014 um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur miðað við fastan rekstrarkostnað.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/850 frá 30. janúar 2015 um breytingar á

reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi kröfur vegna eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækja.

Með reglum þessum öðlast einnig gildi hér á landi reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/923 frá 11. mars 2015 um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi kröfur vegna eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækja.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 og 523/2014 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/488, 2015/850 og 2015/923 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465293341589&uri=CELEX:32014R0241> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465293845855&uri=CELEX:32014R0523> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465293874228&uri=CELEX:32015R0488> ,

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465293874228&uri=CELEX:32015R0850> og

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1465293874228&uri=CELEX:32015R0923>.

4. gr. *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í a-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 1. október 2016.